

Setningarávarp, Póreyjar S. Þórðardóttur, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða á ráðstefnu um sveigjanleg starfslok, 25.11.2014

Fundarstjóri, ráðherra og aðrir fundargestir.

Vil byrja á að þakka þeim sem komið hafa að undirbúningi á þessari ráðstefnu. Hér er til umræðu mjög mikilvægt málefni sem varðar okkur öll en það eru atvinnumál þeirra sem eldri eru. Þegar litið er á atvinnumál 60 ára og eldri þarf að huga að mörgum þáttum til að unnt sé að tryggja sveigjanleg starfslok.

Sú jákvæða þróun hefur átt sér stað að við erum að lifa lengur. Þar spilar ýmislegt inn í s.s. framfarir í læknávisindum og bættar lífsvenjur.

Í gær var haldið málþing á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða og Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Þar voru m.a. nýjar lífslíkutöflur birtar og þar kom skýrt fram að búist er við að þessi þróun um lengingu meðalævinnar haldi áfram. Á málþingið voru sérfræðingar kallaðir til sem fóru yfir þróunina auk þess sem greint var frá því hvernig aðrar þjóðir hafa brugðist við hækkandi lífaldri. Að lokum var reynt að nálgast svör frá fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, bæði frá hinum opinbera og hinum almenna vinnumarkaði um það hvernig skuli brugðist við auknum lífeyrisskuldbindingum vegna hækkandi lífaldurs.

Það er ekki svo að við séum aðeins að lifa lengur heldur eigum við færri börn og er aldurssamsetning þjóðarinnar að breytast mjög hratt. Það fækkar ört í þeim hópi sem er á vinnumarkaði á móti hverjum lífeyrisþega. Þetta hefur stundum verið kallað „Öldrunarsprenjan“.

Þessi þróun kallar á margvísleg viðbrögð í samfélaginu.

Því það er ekki nóg að lifa lengi – við gerum kröfu um að lifa bæði vel og lengi.

Í tengslum við umræðu um þessi mál er þeirri spurningu oft kastað fram hvort ekki sé eðlilegt að við vinnum lengur þar sem við lifum lengur.

Það er ljóst að þessi jákvæða þróun á meðalævilengd hefur neikvæð áhrif á skuldbindingar lífeyrissjóða – þar þarf að bregast við með einhverjum hætti, hækka lífeyristökaldur, hækka iðgjöldin eða greiða lægri lífeyri í lengri tíma. Við þurfum ekki að velja á milli þessara aðgerða heldur er unnt að blanda þessum leiðum saman með margvíslegum hætti. Við síkar aðgerðir er lykilatriði að auka sveigjanleika.

Sé þess krafist að fólk vinni lengur eða vilji hafa val um slíkt þá verður atvinnulífið að sama skapi að vera tilbúið. Í því sambandi skiptir miklu máli að hugað sé að símenntun og er mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins haldi áfram að tryggja starfsmönnum viðundandi leiðir í þeim efnum.

Nú er staðan sú að það er of mikið val um allt eða ekkert. Það vantar að auka sveigjanleika.

Samhliða auknum sveigjanleika á vinnumarkaði þarf að auka á sveigjanleika í lífeyristöku. T.d. mætti auka val um töku lífeyris með því að gera fólk kleift að vera að hluta í vinnu og á lífeyri. Slík þróun ætti að vera öllum til hagsbóta því með þeim hætti nýtist verðmæt starfsreynsla lengur en ella.

Við megum ekki með reglum um allt eða ekkert fara á mis við verðmætan mannauð.

Aðilar vinnumarkaðarins standa nú frammi fyrir því að finna farsælar leiðir til aukins sveigjanleika á vinnumarkaði og við töku lífeyris.